

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Efni:

***Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 -
breyting vegna borgarlínu***

Á fundi borgarráðs þann 2. apríl 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. apríl 2020, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 1. apríl 2020 á verk- og matslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna fyrstu lotu borgarlínu, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér er lögð fram verk- og matslýsing Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar vegna breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna fyrstu lotu borgarlínu, sem liggur á milli Ártúnshöfða í Reykjavík og Hamraborgar í Kópavogi. Næsta skref er að auglýsa aðalskipulagsbreytingu og loks deiliskipulagsbreytingu áður en útboð vegna framkvæmda getur hafist.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fjármögnun vegna borgarlínu liggur ekki fyrir og ekki liggur fyrir rekstraráætlun fyrir kerfið. Ýmsar hugmyndir hafa verið uppi um fjármögnun en horfið hefur verið frá hugmyndum um gjaldtöku sem fjármögnunarleið. Þá var nefnd sú leið að selja Íslandsbanka sem fjármögnun fyrir samgönguuppbyggingu en ekkert verður af því við núverandi aðstæður. Þá hefur ekkert verið gert í því að skipuleggja Keldnalandið eða setja það í sérstakt félag eins og lagt var upp með í byrjun. Réttast væri að afgreiða breytingar á aðalskipulagi í gegnum borgarstjórn. Mikilvægt er að skipulagsmál og óvissa um fjármögnun tefji ekki samgönguuppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu.

Helga Björk Laxdal
e.u.

